65. Við undirritaðir, Skúli Jóhannsson, stórkaupm., Sjafnargötu 8, Samúel Ketilsson, forstj., Barónsstíg 39 og Sigfús Bjarnason, stórkaupm., Hafnarstræti 10, allir hér í bæ, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum verksmiðjustarfsemi til framleiðslu á efnagerðar- og hreinlætisvörum, undir firmanafninu

„Verksmiðjan Trausti“,

og berum við allir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins. Firmað rita allir eigendurnir sameiginlega, og rita þeir firmað þannig:

Verksmiðjan Trausti

Skúli Jóhannsson. Samúel Ketilsson. Sigfús Bjarnason.

Prókúruumboð hafa þeir Samúel Ketilsson og Skúli Jóhannsson og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Verksmiðjan Trausti

Samúel Ketilsson.

pr. pr. Verksmiðjan Trausti

Skúli Jóhannsson.

Reykjavík, 12. nóv. 1938.

Skúli Jóhannsson. Samúel Ketilsson. Sigfús Bjarnason.

66. Það tilkynnist til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á aðalfundi H/f Bræðings, sem haldinn var 11. júlí 1938, voru kosnir í stjórn félagsins þeir Ólafur H. Jónsson, framkvæmdastjóri, Bergstaðastræti 67, Ólafur Johnson, stórkaupmaður, Esjubergi, Rvík, og Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri, Ingólfsstræti 8, Rvík.

Reykjavík, 29. nóv. 1938.

Ólafur H. Jónsson. M. Magnússon. Ól. Johnson.

67. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðný Jóhannesdóttir, Laugavegi 54 B, hér í bænum, er orðin eigandi Hárgreiðslustofunnar Carmen, hér, að hálfu, og eigum við sinn helminginn hvor.

Firmað skrifum við báðar, hvor í sínu lagi þannig:

Hárgreiðslustofan Carmen  
Guðný Jóhannesdóttir.  
Hárgreiðslustofan Carmen  
Ragnheiður Jóhannesdóttir.  
Reykjavík, 5. des. 1938.  
Ragnheiður Jóhannesdóttir.

182

68. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Reykjavíkur, að á fundi 6. des. 1938 í h/f Magna var samþykkt að auka hlutaféð úr kr. 10000.00 upp í kr. 15000.00.

Hlutaféð er allt innborgað.

Reykjavík, 13. des. 1938.

Jóh. Karlsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Þorgrímsson.

69. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum firma hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Chemia. Tilgangur félagsins er að framleiða allskonar kemiskar vörur. Firmað ritar hver félagsmanna fyrir sig þannig:

Chemia  
Sverrir Magnússon.

Chemia  
Tómas Magnússon.

Chemia  
Sverrir Sigurðsson.  
Reykjavík, 14. des. 1938.

Sverrir Magnússon. Sverrir Sigurðsson. Tómas Magnússon.

70. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðmundur Helgason, húsgagnasmíðameistari, Hallveigarstíg 8 A, hér í bænum, er genginn inn í félagið Hjálmar Þorsteinsson & Co., sem fullábyrgur félagi. Firmaritun óbreytt.

Reykjavík, 16. des. 1938.

Hjálmar Þorsteinsson & Co.

H. Þorsteinsson.

Samþykkur:

Guðm. Helgason, Hallveigarst. 8 A.

## 2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Hér með leyfi ég mér að tilkynna til firmaskrár Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að í dag hefir sonur minn, Sturlaugur, gengið inn í firmað Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi, áður einkaeign undirritaðs, sem fullábyrgur félagi og meðeigandi með öllum réttindum og skyldum.

Hinn nýi eigandi hefir í dag greitt inn til firmans umsamið framlag af hans hálfu, kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — og eigum við þá firmað, Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi, að hálfu hvor okkar.

Hinn nýi meðeigandi ritar firmað þannig:

Haraldur Böðvarsson & Co.

S. H. Böðvarsson.

182

Ég rita firmað þannig:

Haraldur Böðvarsson &amp; Co.

Haraldur Böðvarsson.

Áður tilkynnt prókúruumboð Leifs Böðvarssonar fyrir firmað helzt áfram óbreytt.

Akranesi, 5. febrúar 1938.

Haraldur Böðvarsson.

## 2. Stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu skipa nú þessir menn:

Jóhann Magnússon, formaður, Magnús Jónsson, gjaldkeri, Tómas Hallgrímsson, Grímsstöðum, Sverrir Gíslason, Hvammi, Þorvaldur T. Jónsson, Hjarðarholti.

Formaður og gjaldkeri annast dagleg störf sjóðsins, undirrita kvittanir og skuldbindingar fyrir hans hönd samkv. ályktun stjórnarfunda.

Borgarnesi, 31. maí 1938.

Í stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu

Jóhann Magnússon. Magnús Jónsson. Sverrir Gíslason.

Tómas Hallgrímsson. Þorvaldur T. Jónsson.

## 3. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð herra Sigurðar Símonarsonar fyrir Pöntunarfélag Akraness, Akranesi, fellur niður frá og með 15. maí 1938 að telja.

Frá sama tíma veitist hr. kaupfélagsstjóra Jóni Gunnarssyni, Seyðisfirði, prókúruumboð fyrir Pöntunarfélag Akraness. Hann skrifar nafn sitt þannig:

Pr. pr. Pöntunarfélag Akraness

Jón Gunnarsson.

Akranesi, 1. júní 1938.

Stjórn Pöntunarfélags Akraness.

Sigurdór Sigurðsson.

Guðbjarni Sigmundsson.

Svafar Þjóðbjörnsson.

Sæmundur Eggertsson

## 3. Barðastrandarsýsla.

## 1. Á aðalfundi Kaupfélags Rauðasands s.f., Hvalskeri, sem haldinn var 27. apríl 1938, voru gerðar eftirfarandi breytingar á samþykktum og stjórn félagsins:

1. Ábyrgð hvers félagsmanns hækkar upp í kr. 300.00, auk stofnsjóðsinnstæðu.

2. Félagið starfrækir innlánsdeild.

3. Stjórn félagsins:

Gísli Ó. Thorlacius, bóndi, Saurbæ, formaður.

Þorsteinn Kristjánsson, prestur, Sauðlauksdal, varaformaður.

Ólafur Sveinsson, bóndi, Lambavatni, meðstjórnandi.

Firmað ritar stjórnin öll eða tveir stjórnendur þannig:

Kaupfélag Rauðasands s.f.

Gísli Ó. Thorlacius.

Þorsteinn Kristjánsson.

eða

Kaupfélag Rauðasands s.f.

Gísli Ó. Thorlacius.

Ólafur Sveinsson.

eða

Kaupfélag Rauðasands s.f.

Þorsteinn Kristjánsson.

Ólafur Sveinsson.

Saurbæ, 28. apríl 1938.

Gísli Ó. Thorlacius.

Ólafur Sveinsson.

Þorst. Kristjánsson.

## 4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður.

1. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að á aðalfundi Samvinnufélags Ísfirðinga, sem haldinn var á Ísafirði 13. okt. s.l., var Eiríkur Einarsson, hafnsögumaður á Ísafirði, kosinn í félagsstjórnina í stað Haraldar Guðmundssonar, skipstjóra.

Stjórnina skipa nú: Eiríkur Einarsson, formaður, Hannibal Valdimarsson, varaformaður, Ólafur Júlíusson, Jón Kristjánsson, Kristján Bjarnason, og til vara: Guðm. G. Hagalín, Halldór Sigurðsson, Ólafur Ásgeirsson, Össur Valdimarsson, Sigurður Pétursson.

Á sama aðalfundi voru samþykktar nokkrar lagabreytingar.

4. gr. félagslaganna hljóðar þannig: „Ábyrgð hvers félagsmanns í félaginu er takmörkuð við 300.00 krónur.“

Ísafirði, 12. janúar 1938.

Stjórn Samvinnufélags Ísfirðinga  
Eiríkur Einarsson, p. t. formaður.  
Ólafur Júlíusson. Kristján Bjarnason.

2. Samkvæmt ákvörðun félagsfundar í h.f. „Hávarður“, hinn 12. þ. m., er ákveðið að auka hlutafé félagsins um kr. 9500.00 upp í kr. 42500.00. Hlutfjársofnun er lokið og gert ráð fyrir, að allt hlutaféð verði greitt á þessu ári.

Engin sérréttindi fylgja hinu nýja hlutafé.

Ísafirði, 24. marz 1938.

Í stjórn h/f „Hávarður“

Grímur Kristgeirsson. Jens Hólmgeirsson. Ingvar Einarsson.

Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Ísafjarðar, að hr. skrifstofustjóri Ólafur Magnússon, Ísafirði, gegnir störfum framkvæmdarstjóra h/f „Hávarðar“ í fjarveru hr. Finns Jónssonar, alþm., og hefir hann prókúruumboð. Nafn firmans ritar hann þannig:

p. p. H/f HÁVARÐUR

Ó. Magnússon.

Ísafirði, 23. marz 1938.

Í stjórn h/f „Hávarður“

Grímur Kristgeirsson. Ingvar Einarsson. Jens Hólmgeirsson.

3. Á aðalfundi Pöntunarfélags verkamanna á Flateyri, höldnum 20. febr. 1938, var samþykkt sú breyting á lögum félagsins, að 3% af viðskiptaveltunni skuli leggjast í stofnsjóð, sem skiptist á félagsmenn eftir viðskiptamagni þeirra og er hver félagsmaður ábyrgur gagnvart skuldbindingum félagsins um stofnsjóðsinnstæðu sína, þó ekki hærri upphæð en kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur.

Aðrar nauðsynlegar breytingar til að samræma lög félagsins lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937, voru samþykktar.

Stjórn félagsins skipa sömu menn og áður, og er Hjörtur Hjálmarsson kennari, ráðinn pöntunarstjóri fyrir árið 1938.

Þetta tilkynnist hér með til skráningar.

Flateyri, 4. apríl 1938.

Í stjórn Pöntunarfélags verkamanna  
Guðm. Pétursson (formaður). Hjörtur Hjálmarsson. Halldór Vigfússon.

- 182 4. Það tilkynnist hér með, að húsfri Ingveldur Benónýsdóttir á Ísafirði, ekkja sameignarmanns okkar, Bergsveins sál. Árnasonar, járnsmiðameistara, gengur úr firmanu Vélsmiðjan „Þór“ á Ísafirði.

Áðurgreindur Bergsveinn sál. Árnason var prókúruhafi firmans þar til hann andaðist, en framvegis verður meðundirritaður, Þórarinn Helgason, prókúruhafi þess og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan „Þór“  
Þórarinn Helgason.

Eigendur firmans eru nú aðeins við þrír undirritaðir og starfar firmað framvegis á sama hátt og áður.

Ísafirði, 4. maí 1938.

f. h. Vélsmiðjan „Þór“, Ísafirði.

Þórarinn Helgason. Ingimundur Guðmundsson. Sigtryggur Guðmundsson.

5. Fri Sigríður Jónsdóttir, kaupmaður, og Kristján H. Jónsson, kaupmaður, bæði á Ísafirði, tilkynna, að þau reki með ótakmarkaðri ábyrgð verksmiðju undir nafninu Húfuiðjan Hektor. Framleiðsla er höfuðfatnaður o. fl. Að því er snertir daglegan rekstur hefir hvort um sig rétt til að rita firmað, en að því er snertir skuldbindingu firmans með lántöku, veðsetningu, kaup og sölu fasteigna þarf undirskrift beggja eigenda. Allar venjulegar daglegar framkvæmdir annast Kristján H. Jónsson.

Undirskriftum er hagað þannig:

Húfuiðjan Hektor

Kr. H. Jónsson.

Húfuiðjan Hektor

Sigríður Jónsdóttir.

Húfuiðjan Hektor

Kr. H. Jónsson. S. Jónsdóttir.

Ísafirði, 9. júní 1938.

Kr. H. Jónsson. S. Jónsdóttir.

6. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að ég undirrituð rek verzlun hér í bænum með útgerðarvörur, vinnufatnað o. fl., eftir látinn mann minn, Jón A. Þórólfsson, undir firmanafninu Verzlun Jóns A. Þórólfssonar, sem full-ábyrgur einkaeigandi.

Ísafirði, 23. júní 1938.

Guðbjörg Gísladóttir.

7. Hér með tilkynnist, að ég hefi í dag selt sameignarmanni mínum, hr. kaupm. Vilhjálm Skúlasyni, minn hluta í Verzluninni „Bræðraborg“, Ísafirði, og eru mér því skuldbindingar verzlunarinnar óviðkomandi frá þessum degi.

Ísafirði, 13. sept. 1938.

Skúli K. Eiríksson.

Samkvæmt ofangreindu hefi ég keypt hluta Skúla K. Einarsson í Verzlun Bræðraborg, Ísafirði, og rek ég verzlunina eftirleidis sem einkaeigandi undir sama nafni og á mína ábyrgð. Jafnframt tilkynnist, að ég hefi í dag veitt hr.

Skúla K. Eiríksson prókúruumboð fyrir greinda verzlun. Firmað ritar hann 182 þannig:

p. p. Verzlunin Bræðraborg  
Skúli K. Eiríksson.  
Ísafirði, 13. sept. 1938.  
Vilhjálmur Skúlason.

8. Með kaupsamningi, dags. 18. júlí s.l., höfum við undirritaðir selt hr. úrsmið Arne Sörensen, Ísafirði, úrsmiðavinnustofu Skúla K. Eiríksson, er við höfum rekið á Ísafirði, og eru skuldbindingar hennar eftir þann dag okkur óviðkomandi. Framvegis mun vinnusofan rekin undir nafninu: Úrsmiðastofa Skúla K. Eiríksson.

Ísafirði, 13. sept. 1938.

Vilhjálmur Skúlason. Skúli K. Skúlason.

Það tilkynnist, að ég hefi keypt ofangreinda vinnustofu og að ég mun reka hana framvegis á eigin ábyrgð undir nafninu: Úrsmiðastofa Skúla K. Eiríksson. Firmað rita ég þannig:

Úrsmiðastofa Skúla K. Eiríksson  
Arne Sörensen.

Jafnframt tilkynnist, að ég hefi veitt hr. Skúla K. Eiríksson prókúruumboð. Firmað ritar hann þannig:

p. p. Úrsmiðastofa Skúla K. Eiríksson  
Skúli K. Eiríksson.  
Ísafirði, 13. sept. 1938.  
Arne Sörensen.

9. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hefi keypt verzlun Guðmundar Br. Guðmundssonar á Ísafirði, og rek ég hana sem fullábyrgur einkaeigandi frá 2. þ. m. að telja. Firmað rita ég þannig:

Verzlun Guðmundar Br. Guðmundssonar  
Páll Jónsson.  
Ísafirði, 19. sept. 1938.  
Páll Jónsson.

10. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að bú h/f Öndur á Flateyri, var tekið til gjaldþrotaskipta 7. febr. s. l., og skiptum í búinu lokið í dag.

Skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu, 25. okt. 1938.  
Torfi Hjartarson.

11. Samkv. ákvörðun aðalfundar H/f Kaðall, Ísafirði, dags. 24. marz s.l., tilkynnist, að félagið er hætt störfum, og hefir því verið slitið.

Ísafirði, 26. nóv. 1938.

Í stjórn H/f Kaðall

Tryggvi Jóakimsson, Ing. Árnason, Skúli K. Eiríksson.

## 5. Strandasýsla.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Strandasýslu, að verzlun sú, er ég hefi undanfarin 9 ár rekið hér á Hólmavík undir nafninu Verzlun R. P. Riis, Hólmavík, hættir störfum frá og með 15. nóvember n.k.

Kröfur, er menn hafa á verzlunina, ber að snúa sér með til mín á Ísafirði, eins og ég mun innheimta allar útistandandi skuldir, er verzlunin á hjá viðskiptamönnum hennar.

Um leið afturkallast prókúruumboð það, er ég á sínum tíma gaf herra Friðjóni Sigurðssyni.

p. t. Hólmavík, 30. okt. 1937.

Jóh. Þorsteinsson.

## 6. Húnavatnssýsla.

1. Undirrituð stjórn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga á Hvammstanga veitir hér með hr. Sigurði Gíslasyni, verzlunarmanni á Hvammstanga, prókúruumboð fyrir félagið. Hann undirritar þannig:

pr. pr. Kaupfélag Vestur-Húnavetninga

Sig. Gíslason.

Hvammstanga, 16. apríl 1938.

Í stjórn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Skúli Guðmundsson. H. Jóhannss. Axel Guðmundsson.

Guðjón Jónsson. Guðm. Guðmundsson.

## 7. Siglufjörður.

1. Undirrituð stjórn Sildarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, veitir hér með hr. verkfræðingi Jóni Gunnarssyni prókúruumboð fyrir Sildarverksmiðjur ríkisins, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sildarverksmiðjur ríkisins

J. Gunnarsson.

Jafnframt afturkallast prókúra hr. verkfræðings Gísla Halldórssonar fyrir nefnt firma.

Siglufirði, 14. jan. 1938.

Stjórn Sildarverksmiðja ríkisins

Þormóður Eyjólfsson. Þorsteinn M. Jónsson. Finnur Jónsson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég undirritaður hefi selt meðeiganda mínum, hr. Jóni Ragnars, Siglufirði, minn hlut í firm. Veidarfæraverzlun Siglufjarðar, og hefir hann tekið að sér allar skuldbindingar firmans, gamlar og nýjar. Afturkallast því um leið prókúruumboð það, er ég hefi haft fyrir nefnt firma.

Siglufirði, 4. febrúar 1938.

N. Ísaksson.

3. Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að hr. byggingameistari Einar Jóhannsson hefir í dag gengið úr firmanu Einar Jóhannsson & Co., og eru skuldbindingar firmans héðan í frá honum óviðkomandi.

Rekur meðundirritaður Ólafur Ragnars firmað áfram undir sama nafni og 182 með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 19. marz 1938.

Einar Jóhannsson. Ólafur Ragnars.

4. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrárinnar, að á aðalfundi Verzlunarfélags Siglufjarðar, h.f., Siglufirði, sem haldinn var 26. þ. m., var fyrrverandi stjórn félagsins endurkosin, og skipa hana því Alf. Jónsson, lögfr., Siglufirði, Jón Jóhannesson, fiskimatsmaður, Siglufirði, og Þorsteinn Pétursson, kaupmaður, Siglufirði. Varamaður í stjórn var kosinn Þórhallur Björnsson, verkamaður, Siglufirði.

Innborgað hlutafé félagsins er kr. 15100.00 og varasjóður þess kr. 12631.27. Hlutafjársofnun er ekki lokið.

Siglufirði, 29. marz 1938.

f. h. Verzlunarfélag Siglufjarðar, h.f.  
Alf. Jónsson. Jón Jóhannesson.

5. Á löglegum hluthafafundi, höldnum í dag, í H/f „Hringur“, Siglufirði, var samþykkt að uppleysa félagið og selja eignir þess. Jafnframt var á sama fundi hr. Jón Þórðarson, framkvstj., kosinn til þess að fara með öll mál félagsins meðan á skiptum og félagsslitum stendur. Ber að snúa sér til hans með allar kröfur á hendur félaginu, svo og greiðslur til félagsins.

Siglufirði, 30. apríl 1938.

Stjórn H/f „Hringur“  
G. Þórðarson. Ólafur Ragnars.

6. Það tilkynnist hér með, að á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga, er haldinn var þann 30. apríl s. l., gengu úr stjórn félagsins þeir Gunnlaugur Sigurðsson og Jónas Jónasson, en í þeirra stað voru kosnir: Arnþór Jóhannsson og Páll Ásgrímsson.

Stjórn félagsins er þannig skipuð: Erlendur Þorsteinsson, formaður, Aðalbjörn Pétursson, varaformaður, Friðleifur Jóhannsson, ritari, Páll Ásgrímsson, Arnþór Jóhannsson.

Siglufirði, 4. maí 1938.

F. h. Kaupfélags Siglfirðinga  
Aðalbj. Pétursson.

7. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég rek verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Aðalbúðin. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Aðalbúðin

Kristján Jónsson.

Prókúru fyrir firmað hefir Lárus Þ. J. Blöndal, Grundargötu 7, og ritar hann það þannig:

pr. pr. Aðalbúðin.

L. Blöndal.

p. t. Siglufirði.

Kristján Jónsson.

Vottar:

Jóhann Einarsson.

Óli Blöndal.

- 182 8. Það tilkynnist hér með firmaskrá Siglufjarðar, að sú breyting varð á stjórn Byggingarfélags verkamanna, Siglufirði, þann 18. þ. m., að hr. Ólafur Guðmundsson, bifreiðastjóri, var kosinn formaður í stað Jóhanns F. Guðmundssonar.

Nú skipa aðalstjórn þessir menn: Ólafur Guðmundsson, formaður, Arnþór Jóhannsson, ritari, Þorhallur Björnsson, gjaldkeri.

Siglufirði, 30. maí 1938.

F. h. félagsstjórnar  
Þorhallur Björnsson.

9. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðar, að frá og með deginum í dag hefi ég undirritaður veitt herra Indriða Björnssyni prókúruumboð fyrir mig og ritar hann prókúruna þannig:

pr. pr. O. Tynes

I. Björnsson.

Siglufirði, 4. júní 1938.

Ole Tynes.

10. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að dánarbú Sveins Hjartarsonar er gengið úr firmanu „Verzlun Sveins Hjartarsonar“, Siglufirði, og rekum við undirritaðir firmað áfram undir nafninu „Verzlunin Sveinn Hjartarson“, sem fullábyrgir félagar. Ber því dánarbú Sveins Hjartarsonar hér eftir enga ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Siglufirði, 25. júní 1938.

Sig. Kristjánsson. Gústav Þórðarson.

11. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég rek kvenhattagerð og annan skyldan atvinnurekstur ásamt smásöluverzlun, hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Verzlun Jenny Stefánsdóttur“, og rita ég firmað þannig:

Verzlun Jenny Stefánsdóttur

Jenny Stefánsdóttir.

Siglufirði, 21. júlí 1938.

Jenny Stefánsdóttir.

### 8. Akureyri.

1. Ég undirrituð, ekkja Hallgríms Hallgrímssonar, Klapparstig 1, Akureyri, veiti hér með hr. Jóni Sigurgeirssyni, til heimilis sama stað, prókúru fyrir dánarbú Hallgríms Hallgrímssonar, með öllum réttindum prókúruhafa skv. lögum, og riti hann prókúruna þannig:

pr. pr. Hallgrímur Hallgrímsson.

Jón Sigurgeirsson.

Akureyri, 16. júlí 1938.

Kristín Albertsdóttir.

2. Magister Geir Jónasson, Akureyri, rekur sem fullábyrgur einkaiegandi bókaútgáfufyrirtæki á Akureyri undir nafninu: Bókaútgáfan Edda.

Akureyri, 22. ágúst 1938.

## 9. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

182

1. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð hr. Ólafs Metúsalemssonar fyrir Kaupfélag Vopnfirðinga fellur úr gildi frá og með deginum í dag. Frá sama tíma veitum vér hr. Guðmundi Stefánssyni prókúruumboð fyrir Kaupfélag Vopnfirðinga og ritar hann nafn sitt þannig:
 

pr. pr. Kaupfélag Vopnfirðinga  
Guðm. Stefánsson.  
Vopnafirði, 8. jan. 1938.  
Stjórn Kaupfélags Vopnfirðinga

Met. Metúsalemsson.    Gunnar H. Gunnarsson.    Björn V. Metúsalemsson.
2. Í dag hefir herra Guðlaugur Jónsson, Seyðisfirði, fengið prókúruumboð fyrir firmað Jón G. Jónasson, Seyðisfirði, og ritar hann firmað þannig:
 

pr. pr. Jón G. Jónasson.  
Guðlaugur Jónsson.  
Seyðisfirði, 26. febrúar 1938.  
Jón G. Jónasson.
3. Samkvæmt aðalfundargerð félagsins „Sildarbræðslan h/f, Seyðisfirði“ frá 3. apríl þ. á. skipa nú stjórn félagsins: Formaður Karl Finnbogason, varaformaður Ari Arnalds, stjórnarnefndarmenn Benedikt Jónasson, Gunnlaugur Jónasson og Jón B. Sveinsson, allir til heimilis Seyðisfirði.
 

Seyðisfirði, 12. apríl 1938.  
Karl Finnbogason — formaður.
4. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að Johan Pettersen hefir selt Harald Johansen sinn hlut í firma Harald Johansen, Skipa- og byggingarvöruverzlun Seyðisfjarðar. Þar af leiðandi fellur niður prókúruumboð Johan Pettersens, einnig prókúruumboð Harald Johansens. Johan Pettersen ber enga ábyrgð á skuldbindingum firmans frá deginum í dag.
 

Harald Johansen heldur firmanu áfram með ótakmarkaðri ábyrgð og skuldbindur hann firmað með undirskrift sinni:  
Harald Johansen Skipa- og byggingarvöruverzlun Seyðisfjarðar.  
Harald Johansen.  
Seyðisfirði, 20. apríl 1938.  
Harald Johansen.    Johan Pettersen.
5. Hér með tilkynnist, að í dag hefir Jóhann F. Guðmundsson, forstjóri, Seyðisfirði, fengið prókúruumboð fyrir hlutafélagið Sildarbræðslan h/f., Seyðisfirði, og ritar hann nafn sitt fyrir hlutafélagið þannig:
 

Pr. pr. Sildarbræðslan h/f., Seyðisfirði,  
Jóhann F. Guðmundsson.  
Seyðisfirði, 15. júní 1938.  
F. h. Sildarbræðslan h/f., Seyðisfirði.  
Ari Arnalds.
6. Við undirritaðir, Johan Pettersen og Sverrir Sigurðsson, báðir til heimilis á Seyðisfirði, tilkynnum hér með til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að við

- 182 rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum, aðallega með málningar- og byggingarvörur o. fl., undir firmanafninu „Verzlunin Ægir“.

Firmað ritum við báðir saman eða annar þannig:

Verzlunin Ægir.

Johan Pettersen, Sverrir Sigurðsson.

Verzlunin Ægir.

Sverrir Sigurðsson.

Verzlunin Ægir.

Johan Pettersen.

Seyðisfirði, 6. september 1938.

Sverrir Sigurðsson. Johan Pettersen.

#### 10. Neskaupstaður.

1. Hér með tilkynnist, að hr. Jónas Guðmundsson hefir látið af framkvæmdastjórnastörfum við Togarafélag Neskaupstaðar h/f. frá 1. jan. 1938, og hefir ekki lengur prókúruumboð fyrir það. Við framkvæmdastjórnastörfum og prókúruumboði hefir tekið frá sama tíma hr. Kristján Sigtryggsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Togarafélag Neskaupstaðar h.f.

Kristj. Sigtryggsson.

Neskaupstað, 8. des. 1937.

Stjórn Togarafélags Neskaupstaðar h.f.

Sigurjón Kristjánsson. Eyþór Þórðarson. Á. A. Pálmason.

Björn Ingvarsson. Kristj. Sigtryggsson.

2. Hér með tilkynnist, að herra Kristján Sigtryggsson hefir látið af framkvæmdastjórnastörfum fyrir Íshúsfélag Norðfirðinga frá 1. jan. 1938, og hefir ekki lengur prókúruumboð fyrir það. Við framkvæmdastjórnastörfum og prókúruumboði hefir tekið frá sama tíma herra forstjóri Niels Ingvarsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Íshúsfélag Norðfirðinga

Niels Ingvarsson.

Neskaupstað, 6. jan. 1938.

Stjórn Íshúsfélags Norðfirðinga

Jón Sveinsson. Kristj. Sigtryggsson. Vigfús Guttormsson.

3. Hér með tilkynnist, að herra Kristján Sigtryggsson hefir látið af framkvæmdastjórnarstörfum við Samvinnufélag útgerðarmanna, Norðfirði, frá 1. jan. 1938, og hefir ekki lengur prókúruumboð fyrir það. Við framkvæmdastjórnastörfum og prókúruumboði hefir tekið frá sama tíma herra forstjóri Niels Ingvarsson, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Samvinnufélag útgerðarmanna

Niels Ingvarsson.

Neskaupstað, 6. jan. 1938.

Stjórn Samvinnufélags útgerðarmanna

Ármann Magnússon. Benedikt Benediktsson. Ásmundur Guðmundsson.

## 11. Suður-Múlasýsla.

182

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að á aðalfundi Kaupfélags Berufjarðar á Djúpavogi, sem haldinn var sunnudaginn 8. maí, var sú breyting gerð á samþykktum félagsins, að framvegis undirrita stjórnendur félagsins 3 saman firma félagsins.

Í stjórn félagsins eru:

Helgi Einarsson, Melrakkanesi, formaður.

Jón Stefánsson, Djúpavogi, varaformaður.

Þorfinnur Jóhannsson, Geithellum.

Hjálmar Guðmundsson, Fagra-Hvammi.

Ingólfur Gíslason, Djúpavogi.

Framkvæmdastjóri ritar firmað sem prókúruhafi þannig:

pr. pr. Kaupfélag Berufjarðar

Jón Sigurðsson.

pr. pr. Kaupfélag Berufjarðar

Jón Sigurðsson.

## 12. Vestmannaeyjar.

1. Samkv. tilkynningu til firmaskrárinnar er skrásett „Olíusamlag Vestmannaeyja“, samlagsfélag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Heimili þess og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Tilgangur félagsins er að afla meðlimum sínum allskonar olíutegunda og hafa með höndum kaup og sölu á þeim, einnig til utanfélagsmanna. Lög félagsins eru dagsett 21. júlí 1937. Félagsmenn geta orðið allir eigendur og útgerðarmenn vélbáta í Vestmannaeyjum og þeir aðrir þar, sem starfa með vélum og nota olíu. Stofnendur félagsins eru: Vilhjálmur Guðmundsson, Guðjón Hafliðason, Magnús Valtýsson, Stefán Björnsson, Jón Einarsson, Guðmundur Vigfússon, Runólfur Runólfsson, Halldór J. Einarsson, Vigfús Jónsson, Sigurður Ingimundarson, Ólafur Vigfússon, Vigfús Sigurðsson, Jón Guðjónsson, Gunnar M. Jónsson, Sigfús Scheving, Hannes Hansson, Ólafur Auðunsson, Eiríkur Ásbjörnsson, Kjartan Guðmundsson og Ástþór Matthíasson, allir útgerðarmenn til heimilis í Vestmannaeyjum. Stofnendur og félagsmenn, sem útgerðarmenn eru, greiða stofngjald kr. 40.00 fyrir brúttósmálest í vélbátum, er þeir eiga. Aðrir félagsmenn greiða stofngjald eftir því sem stjórn félagsins og félagsfundur ákveður. Ábyrgð félagsmanna takmarkast við stofntillag þeirra og sjóðaeign í félaginu. Tveir stjórnendur skuldbinda félagið, en samþykki félagsfunda þarf til sölu fasteigna. Í stjórn félagsins eru: Kjartan Guðmundsson, útgerðarmaður, Ástþór Matthíasson, verksmiðjueigandi og Ólafur Auðunsson, útgerðarmaður. Varastjórnendur: 1. Eiríkur Ásbjörnsson og 2. Hannes Hansson, útgerðarmenn. Tilkynningar til félagsmanna þarf ekki að birta í blöðum. Stofngjald félagsmanna, sem eru útgerðarmenn, greiðist árlega með 5% af lifrarinnleggi þeirra, þar til það er greitt að fullu.

Vestmannaeyjum, 10. des. 1937.

Olíusamlag Vestmannaeyja

Kjartan Guðmundsson. Ástþór Matthíasson. Ólafur Auðunsson.

Stjórn félagsins, þeir Kjartan Guðmundsson, Ástþór Matthíasson og Ólafur Auðunsson, rita firmað þannig:

Olíusamlag Vestmannaeyja

Kjartan Guðmundsson. Ástþór Matthíasson. Ólafur Auðunsson.

182

Kjartan Guðmundsson og Ástþór Matthíasson rita firmað þannig:  
Olíusamlag Vestmannaeyja

Kjartan Guðmundsson. Ástþór Matthíasson.

Kjartan Guðmundsson og Ólafur Auðunsson rita firmað þannig:  
Olíusamlag Vestmannaeyja

Kjartan Guðmundsson. Ólafur Auðunsson.

Ástþór Matthíasson og Ólafur Auðunsson rita firmað þannig:  
Olíusamlag Vestmannaeyja

Ástþór Matthíasson. Ólafur Auðunsson.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Vestmannaeyja, að ég undirritaður, Einar Sigurðsson, Skólaveg 1, Vestmannaeyjum, rek frystihús hér í bænum undir firmanafninu „Hraðfrystistöð Vestmannaeyja“. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita firmað þannig:

Hraðfrystistöð Vestmannaeyja

Einar Sigurðsson.

Vestmannaeyjum, 16. febrúar 1938.

Einar Sigurðsson.

3. Samkvæmt tilkynningu til verzlunarskrár Vestmannaeyja er skrásett 29. apríl 1938 Neytendafélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Heimili og varnarþing Vestmannaeyjum. Dagsetning samþykktá 27. júlí 1936 og 25. febrúar 1938. Markmið félagsins er að útvega félagsmönnum allskonar vörur, sem beztar að gæðum og við sem vægustu verði, með pöntunarstarfsemi og rekstri sölubúðar eða sölubúða. Stjórn: Stjórnarformaður Steingrímur Benediktsson kennari, Hvít-ingaveg 6. Meðstjórnendur: Hjálmar Eiríksson forstjóri, Faxastíg 2. Herjólfur Guðjónsson verkstjóri, Einlandi. Jóhann V. Scheving, útvegsbóndi, Vilborgarstöðum. Pétur Lárusson fiskimatsmaður, Búastöðum. Framkvæmdastjóri: Guðlaugur Gíslason, Skólavegi 21. — Firmað rita þrír stjórnarmeðlimir og framkvæmdastjóri, sem hefir prókúru fyrir félagið. Er undirskriftum hagað þannig:

Neytendafélag Vestmannaeyja

Steingrímur Benediktsson. Hjálmar Eiríksson. Pétur Lárusson.  
eða

Neytendafélag Vestmannaeyja

Steingrímur Benediktsson. Herjólfur Guðjónsson. Jóhann Scheving.  
eða

Neytendafélag Vestmannaeyja

Hjálmar Eiríksson. Jóhann Scheving. Herjólfur Guðjónsson  
eða

Neytendafélag Vestmannaeyja

Pétur Lárusson. Jóhann Scheving. Herjólfur Guðjónsson.

Prókúruhafi undirritar þannig:

pr. pr. Neytendafélag Vestmannaeyja

Guðlaugur Gíslason.

Félagsmenn bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Inntökugjald er 5 kr., sem rennur í stofnsjóð, ásamt 1% af viðskiptaveltu félagsins. Í varasjóð fer 1% af viðskiptaveltu félagsins. Félagið hefir útibú Skólaveg 21, undir stjórn sama framkvæmdastjóra.

Vestmannaeyjum, 22. apríl 1938.

Steingrímur Benediktsson. Hjálmar Eiríksson. Pétur Lárusson.  
Jóhann Scheving. Herjólfur Guðjónsson.

## 13. Rangárvallasýsla.

182

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Rangárvallasýslu, að stjórn Kaupfélags Hallgeirseyjar, Arnarhvoli, skipa nú eftirtaldir menn:

Sigurþór Ólafsson, oddviti, Kollabæ, formaður.

Séra Sveinbjörn Högnason, Breiðabólstað, varaformaður.

Guðjón Jónsson, bóndi, Tungu.

Jón Gíslason, oddviti, Ey, og

Valdimar Jónsson, bóndi, Álfhólum.

Arnarhvoli, 13. sept. 1938.

pr. pr. Kaupfélag Hallgeirseyjar

Ág. Einarsson.

## 14. Árnessýsla.

1. Samkvæmt tilkynningu til samvinnufélagaskrár Árnessýslu er Samlagsbú Gnúpverja í Stóru-Mástungu, Gnúpverjahreppi, hætt störfum og hefir verið strikað út af samvinnufélagaskrá.

2. Á aðalfundi Samvinnufélags Stokkseyringa 1. marz þ. á. gengu úr stjórn félagsins Helgi Sigurðsson og Nikulás Bjarnason. Var ákveðið, að stjórnin skyldi framvegis skipuð fimm mönnum, og hlutu kosningu Helgi Sigurðsson, Jón Þ. Ingimundarson, Ingimundur Jónsson og Jón Sv. Karlsson.

Stjórnina skipa nú: Helgi Sigurðsson, Sæbóli, formaður, Sigurður I. Gunnarsson, Götu, varaformaður, Jón Þ. Ingimundarson, Sólbakka, meðstj., Ingimundur Jónsson, Strönd, meðstj., og Jón Sv. Karlsson, Skálavík, meðstj.

## 15. Hafnarfjörður og Kjósarsýsla.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar í Hafnarfirði, að á félagsslitafundi h/f „Belgaum“, sem haldinn var í dag á skrifstofu Jes Zimsens, kaupmanns í Reykjavík, var lokauppperð fyrir félagið lögð fram og samþykkt af öllum hluthöfum í félaginu og félaginu þar með slitið og undirritaðri félagsstjórn, er séð hefir um uppperð félagsins, falið að tilkynna þetta.

Það skal tekið fram, að félagið hefir enga starfrækslu haft allt árið 1937.

Samkvæmt ofanrituðu ber að afmá félagið úr firmaskránni og auglýsa félagsslitin í Lögbirtingablaðinu.

Reykjavík, 10. des. 1937.

Jes Zimsen. Sveinn Sigurðsson. Hjalti Jónsson.

2. Á tveim fundum, sem haldnir voru í samvinnufélaginu „Björg“ fimmtudaginn 13. október 1938, var samþykkt í einu hljóði að slíta félaginu.

Hafnarfirði, 15. okt. 1938.

F. h. s/f. „Björg“

Jón Halldórsson. Jóngeir D. Eirbekk.

- 182 3. Hér með tilkynnist, að ég undirrituð rek útgerð og verzlun með sjávarafurðir undir firmanafninu Guðmundur Þórðarson. Heimili og varnarþing er Gerðar í Gullbringusýslu. Ég ein ber ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Ég rita firmað þannig:

Guðmundur Þórðarson.

Ingibjörg Jónsdóttir.

Prókúru hefir Þórður Guðmundsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Guðmundur Þórðarson.

Þórður Guðmundsson.

Gerðum, 15. sept. 1938.

Ingibjörg Jónsdóttir.

183

## AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1938.

Skrás. 1938, nr. 1.

Tilkynnt 8. janúar 1938, kl. 12 á h., af Rafbylgjuofninum, iðnrekstur, Reykjavík, og skrásett 29. s. m.

~~RAF-BYLGJU-OFNINN~~

Milli tveggja brotinnna lína stendur orðið: RAF-BYLGJU-OFNINN og út frá orðinu á alla vegu eru átta brotnar örvar.

Merkið er skrásett fyrir rafmagnsöfna og önnur raftæki.

Skrás. 1938, nr. 2.

Tilkynnt 21. janúar 1938, kl. 3 e. h., af Stefáni Thorarensen, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 1. febrúar s. á.

Orðið:

**ATO**

Merkið er skrásett fyrir tilbúin blóm, þrjónavörur allskonar, bursta, burstavörur, pensla, kamba, svampa, snyrtiáhöld, andlitsduft, andlitskrem, naglalakk, andlitsvötn og allskonar aðrar snyrtivörur, sápur allskonar, sápulög, lyf og allskonar lyfjavörur, kemiskar vörur og allskonar kemiskar samsetningar, hjúkrunargögn, sáraumbúðir, plástra, sótthreinsandi efni, málma, kitti, brons, garn allskonar, súkkulaði allskonar, konfekt, brjóstsykur, lakkris, tóbaksvörur allskonar, lyftiduft, bökunardropa, eggjaduft og allskonar önnur bökunarefni, mjöltegundir allskonar, sykur, hunang, syrup, ávaxtamauk allskonar, gosdrykki, öl og aðrar drykkjarvörur, hármæðul, ilm-vötn, og allskonar ilmefni, gúmmi og allskonar lím, málningu, fernis, umbúðir úr pappa, saum, gleraugu allar tegundir og gerðir, oliur, benzín, kerti, parafín, reiðhjól, blek, kornvörur allskonar, garn, tvinna, kaðal, smjörliki, tólg, þurmjólk, sterkju, barnamjól, kex, kökur, kaffibæti, te, marsipan, kryddvörur allskonar, edik, lýsi, skó-